

Skíðafélag Ólafsfjarðar



Ársreikningur 2014

SKÍÐAFÉLAG ÓLAFSJARÐAR

SKÝRSLA SKOÐUNARMANNA

Undirritaðir hafa yfirfarið ársreikning þennan fyrir Skíðafélag Ólafsfjarðar starfsárið 1.janúar 2014 - 31.desember 2014.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning starsársins, efnahagsreikning 31.12.2014, sundurliðun.

Skoðun var framkvæmd eftir góðri endurskoðunarvennu og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við góðar reikningskilavenjur og sýnir að okkar mati glögga mynd af rekstri Skíðafélags Ólafsfjarðar

Teljum við reikningana rétta.

Ólafsfirði í apríl 2015

Rekstrarreikningur 1/1 - 31/12 2014

Rekstrartekjur	Skýring	2014	2.013
Framlög og styrkir	1	7.474.497	6.017.926
Vörusala	1	123.107	126.863
Aðrar tekjur	1	6.620.846	8.211.723
		14.218.450	14.356.512
	Tekjur alls	14.218.450	14.356.512
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur	2	1.711.281	2.812.994
Kostnaður v/mótahalds	2	2.451.928	2.458.063
Rekstrartengdur kostnaður	2	1.580.868	1.622.575
Kynning og fræðsla	2	30.000	25.000
Annar kostnaður	2	6.007.508	6.725.619
Vörukaup	2	274.691	204.733
Afskriftir		884.479	200.000
		12.940.755	14.048.984
	Gjöld alls	12.940.755	14.048.984
Rekstrarhagnaður (tap)		1.277.695	307.528
Fjármagnstekjur og (fjármunagjöld)			
Vaxtatekjur		19.591	15.798
Vaxtagjöld, verðbætur o.fl.		14.824	37.017
	Alls	4.767	21.219
Hagnaður (tap) ársins		1.282.462	286.309

Efnahagsreikningur 1/1 - 31/12 2014

Eignir	Skýring	2014	2013
Snjóbyssur		2.400.000	3.000.000
Göngubraut		660.000	824.479
Bifreið		480.000	600.000
	Alls	3.540.000	4.424.479
Veltufjármunir			
Sjóður		2.567	2.567
Sparisj. Ólafsfj. Hlr 1810		1.368.218	1.063.727
Sparisj. Ólafsfj. 550507		9.417	9.239
Sparisj. Ólafsfj. 400777		1.490.993	411.434
Sparisj. Ólafsfj. 400377		132.608	48.809
Sparisj. Ólafsfj. 402083		36.561	100.730
	Veltufjármunir samtals.	3.040.364	1.636.506
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur		101.500	481.796
Aðrar kröfur		-	410.014
	Skammtímask. Samtals	101.500	891.810
	Eignir samtals.	6.681.864	6.952.795

Efnahagsreikningur 1/1 - 31/12 2014

Skuldir og eigið fé	Skýring	2014	2013
Skammtímaskuldir			
Ógr. Ýmsir reikningar		175.164	100.747
Inneign virðisaukaskattur		727.004	
Viðskiptaskuldir			900.806
	Skammtímaskuldir samtals -	551.840	1.001.553
Langtímaskuldir			
	Skuldir samtals -	551.840	1.001.553
Eigið fé			
Eigið fé		7.233.704	5.951.242
	Eigið fé samtals	7.233.704	5.951.242
	Skuldir og eigið fé samtals	6.681.864	6.952.795

Sundurliðun 2014

	2014	2013
Rekstrartekjur		
Fjallabyggð samningur.	4.400.000	2.777.864
Fjallabyggð göngubraut	-	800.000
Úthlutunartekjur	1.321.435	1.204.624
Styrkir einstaklingar og fyrirtæki	1.813.062	1.261.938
Æfingagjöld	81.400	546.500
Lyftutekjur	109.100	103.350
Styrkir Andrésarleikar	233.000	374.000
Umbúðatekjur	4.135.587	4.167.520
Framlag Fjallabyggðar v. Troðara	1.476.000	1.465.377
Leigutekjur	-	109.024
Aðrar tekjur	363.250	1.269.410
Mótahald	162.509	150.042
Vörusala	123.107	126.863
	14.218.450	14.356.512
Rekstrargjöld		
Ýmsar verktaka og launagr.	1.711.281	2.812.994
Ferðakostnaður mót	797.775	445.870
Rekstur Bifreiðar	99.352	352.926
Kostnaður Andrésarleikar	651.920	621.222
Keppnisgjöld	317.909	576.150
Verðlaun	152.295	231.760
Sími	101.624	121.097
Burðargjöld	3.244	9.961
Troðari	1.476.000	1.464.377
Skrifstofa, netb, posi, prentun o.fl	95.085	121.765
Vörukaup	251.587	150.505
Kostnaður v. Dósamóttöku	2.833.448	2.772.902
Bárubraut	250.736	765.233
Snjóbyssur	66.023	193.747
Rekstur troðara	969.222	1.395.394
Önnur gjöld	2.278.775	1.813.081
	12.056.276	13.848.984
Afskriftir	884.479	200.000
Fjármtekjur / gjöld	4.767	- 21.219
Hagnaður	1.282.462	286.309

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2014 til maí 2015

Á aðalfundi Skíðafélags Ólafsfjarðar þann 21. maí 2014 voru kosin í stjórn.

Formaður: Sigurpáll Þór Gunnarsson

Varaformaður: Daníel Páll Víkingsson

Gjaldkeri: Eydís Ósk Víðisdóttir

Ritari: Ásgerður Einarsdóttir

Umsjónarmaður fasteigna: Birna Sigurveig Björnsdóttir

Meðstjórnendur: María Leifsdóttir og Rúnar Gunnarsson

Björgvin Hjörleifsson mun halda áfram sem alpagreinabjálfi næsta vetur. Í september á síðasta ári var gengið frá ráðningu á kennslu fyrir göngugreinarnar í stað Kristján Haukssonar en Svava og Elsa Jónsdætur munu sjá um það ásamt haustæfingum fyrir göngu og alpagreina krakkana. Æfingar hófust í byrjun september fyrir 12 ára og eldri en yngri hópurinn byrjaði aðeins seinna. Gengið var frá samningi við Gunnlaug Inga Haraldsson um að sjá um troðarann og troða brautir um veturinn, einnig var Alda María Traustadóttir ráðin til að sjá um skálann næsta vetur.

Í september og október var haldið áfram að reisa upp snjógirðingar sem fuku í fyrra og voru þær betri en ekkert þegar á reyndi í vetur. Árni Helgason ehf sá um að endurnýja veginn upp að skíðaskála. Var hann breikkaður og sett stærra bílastæði fyrir neðan skálann ásamt því að færa veginn norður fyrir troðaraskemmu upp að skálanu. Vegurinn var frekar grófur og ekki náðist að klára að setja fínt lag á hann þannig að það olli nokkru tjóni hjá okkur á troðaranum en alls varð að skipta um sex dekk á honum vegna þessa. Vonum við að búið verði að malbika fyrir næsta vetur eins og okkur var lofað.

Sveitarfélagið gekk til samninga við Skíðafélagið með rekstur á skíðsvæðinu fyrir veturinn 2014-2016 og var hann í takt við síðasta samning. Var ákveðið að ganga til samninga til tveggja ára og tókst að skrifa undir hann í janúar í ár. Þessi samningur gerir það að verkum að við getum skipulagt okkur aðeins lengra fram í tíma en ekki samningslausir í upphafi vertíðar eins og svo oft áður.

Skíðafélagið var eins og undanfarin ár með frítt kakó og piparkökur við Tjarnarborg á jólamarkaðinum í desember. Einnig seldum við lukkupakka sem gefnir voru af stuðningskonum félagsins. Alltaf fáum við góðar móttökur hjá fólki.

Sævar Birgisson var valinn Skíðamaður Íslands 2014 hjá SKÍ og einnig var hann kosinn Íþróttamaður Fjallabyggðar þann 28. desember í Allanum á Siglufirði. Margir góðir íþróttamenn voru í kjöri og óskum við honum til hamingju með þess titla og er hann vel að þeim kominn.

Skíðalyftan var opnuð 18. desember og hélst hún opin fram yfir Andrésar Andar leikana en við vorum með æfingar eftir Andresar Andarleikana hér í Tindaöxl. Veðrið þennan vetur var erfitt til skíðaiðkunnar vegna mikilla vinda og ótíðar.



Fjarðargangan sem er hluti af Íslandsgönguni var hjá okkur sunnudaginn 11. janúar og tóku um 35 manns þátt í henni en að henni lokini voru kaffiveitingar og úrdráttarverðlaun sem Samkaup veitti. Önnur mót á vegum SÓ í vetur voru svokallað brons mót í alpagreinum í febrúar og um páskana vorum við með Ólafsfjarðarmótin í alpagreinum ásamt silfur og gullmóti. Minningarmót um Nývarð og Frímann í skíðagöngu var einnig haldið um páskana en Ólafsfjarðarmótin í göngu voru haldin um miðjan apríl.

World Snow Day var haldinn um víða veröld 18. janúar og tókum við þátt í honum. Gekk það út á að veita gestum undir 12 ára frítt í fjallið og aðstoða þá. Við gerðum eins og undanfarin ár og buðum öllum sem vildu, að koma til okkar og njóta hollrar útiveru. Skíðafélagið fékk að gjöf pakka frá World Snow Day sem innihélt starttjald, storsvigsstangir, storsvigsflögg, marksúlur og slóðamerkingar fyrir göngu. Viljum við þakka þeim fyrir þessa rikulegu gjöf.



Skíðafélag Ólafsfjarðar fék viðurkenningu hjá ÍSÍ um að vera orðið fyrirmyndarfélag þann 18. Janúar eða á Snjódeginum mikla. Kom Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ og afhenti hann viðurkenningarskjal og fána þess efnis. Er skíðafélagið eitt af þeim fáu skíðafélögum á landinu sem hlotið hafa þessa viðurkenningu. Til að ná þessu markmiði þurfti að gera skriflegar verklýsingar á öllum verkum innan félagsins eins og er í öllum fyrirtækjum.

Byrjendanámskeið var haldið og komu margir nýliðar inn og vonandi fáum við þau áfram til að stunda skíðin næsta vetur. Áhuginn var mikill og voru krakkarnir farnir að taka lyftuna innan fárra daga. Ásgerður Einarasdóttir sá um skipulagninguna og komu margir að námskeiðinu til aðstoðar.

Vetrarleikar í Fjallabyggð voru haldnir 21. febrúar til 1. mars en vegna veðurs þá var ekki mikið gert. Við vorum með opnar æfingar fyrir alla sem vildu skíða með krökkunum okkar en einnig veittum við frítt í fjallið, kaffi og drykki.

Farið var á Bikarmót SKÍ í Reykjavík og Akureyri í vetur í göngu en Oddskarð, Akureyri, Siglufjörð og Reykjavík í alpagreinum en UMÍ var haldið í Reykjavík í ár og stóðu þessir krakkar sig frábærlega og sýnir enn og aftur að Skíðafélagið á krakka í fremstu röð í sínum árgöngum.

Þennan vetur var ákveðið að við skyldum gera allt til þess að við næðum að halda flott svigmót á SMÍ og var öllu tjaldað til. Við framleiddum snjó, troðum bæði norður og suðurbakkann og allt leit rosalega vel út. Við vildum vísu fá meiri snjó en þetta var samt svona að takast hjá okkur. Ekki varð okkur af ósk okkar þar sem veðurspáin var með svaka hita og miklu sunnan roki sem tók allt sem við vorum búin að áorka. Til mikillar ánægju tók þó ekki allt upp í göngubrautini þannig að við gátum haldið göngumótið í Bárubraut.



SMÍ var haldið í Ólafsfirði og Dalvík þetta árið og voru um 68 keppendur skráðir til leiks 50 í alpagreinum og 18 í göngugreinum. Við í SÓ vorum með tvo keppendur í alpagreinum og sex í göngugreinum. Sú nýbreytni var við setningarathöfnina að vera með sprettgönguna í kringum tjörnina inni athöfninni hér í Ólafsfirði. Þetta lukkaðist vel þrátt fyrir rigningu. Föstudagurinn var góður og gekk allt

mótahald vel þrátt fyrir frekar mikinn hita sem olli mjúku færi en frystar voru svigbrautirnar á Dalvík þannig að þær héldu vel allt mótið. Laugardagurinn var frekar vindasamur og sló upp í 25 metra á sek sem olli sumum keppendum erfiðleikum. Í Ólafsfirði var ákveðið að keppa þótt vindur væri mikill og sögðu áhorfendur að sjá mátti keppendur stoppa í sporinu í sterkustu kviðunum. Sunnudagurinn var svo frábær og kom öllum til að gleyma amstri síðasta dags. Skemmtun var á Dalvík á föstudeginum með verðlaunaafhendingu. Lokahófið var svo haft í Bergi á Dalvík þar sem afhent voru verðlaun fyrir daginn ásamt því að krína bikarmeistara vetrarins. Á sunnudeginum var síðan haft samhliðarsvig í alpagreinum og var boðganga hjá göngufólki. SÓ átti Íslandsmeistara í göngu bæði í karla og kvenna flokki ásamt flokknum 18-20 ára. Óskum við þeim til hamingju með árangurinn.



Andrésar Andarleikarnir enduðu svo vertíðina eins og svo oft áður og fórum við með 33 krakka að þessu sinni sem er fjölgun frá því í fyrra. Stóðu allir krakkarnir sig mjög vel og voru Skíðafélaginu til sóma. Vonumst við til að þeir haldi áfram að standa sig vel og að við náum að efla þessa íþrótt til framtíðar. SÓ átti Andrésar Andar meistara í tveimur greinum í göngu ásamt nokkrum silfur og brons verðlaunum í öllum greinum.



Stjórn Skíðafélags Ólafsfjarðar vill þakka öllum sem komu að starfseminni þetta árið hvort sem það er í beinu eða óbeinu framlagi. Fjáraflanir hafa verið með svipuðum hætti og undanfarin ár. Styrki fengum við frá sveitarfélaginu, áhöfnum togaranna Mánabergs og Sigurbjargar, Smára ehf., Árna Helgasyni og Nordlandiu. Þá ekki síður alla þá ónefndu aðila sem hafa stutt okkur í gegnum árin sem er skíðafélaginu mikils virði. Umsjón með dósamóttökunni hefur Birna Björnsdóttir og Daníel Víkingsson en þau tóku við af Ingva Óskarssyni og færum við honum okkar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Skíðafélagið hélt um 16 formlega fundi yfir tímabilið ásamt ógrynni af óformlegum fundum með tölvupóstum og símtölum.

Ólafsfirði 10. maí 2015

F.h. stjórnar Skíðafélags Ólafsfjarðar

Sigurpáll Þór Gunnarsson